

Fréttabréf Viðskiptaráðs – 5. júní 2009

Margt smátt gerir eitt stórt

Viðskiptaráð Íslands heldur málþing um mikilvægi lítilla og meðalstórra fyrirtækja í dag, 5. júní, frá 15:00 - 16:30 í Þjóðminjasafni Íslands. Málþingið ber yfirskriftina „Margt smátt gerir eitt stórt“, en samanlagt eru lítil og meðalstór fyrirtæki stærsti vinnuveitandinn á Íslandi og því burðarás íslensks atvinnulífs.

Dagskrá:

Katrín Júlíusdóttir, iðnaðarráðherra

Opnunarávarp

Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs

Hugsum smátt!

Christina Sommer, forseti European Small Business Alliance

Small Enterprises: The Backbone of the European Economy

Bogi Örn Emilsson, framkvæmdastjóri Skjals ehf.

Ómæld tækifæri

Eiríkur Hilmarsson, eigandi Kaffitárs ehf.

Kúnstin að lifa af

Fundarstjóri er **Hafdís Jónsdóttir**, formaður FKA og eigandi World Class. Fundargjald er 2.500 kr. með léttum veitingum og eintaki af nýrri skýrslu Viðskiptaráðs, "Hugsum smátt", þar sem fjallað er um efnahagslegt vægi lítilla og meðalstórra fyrirtækja og stiklað á stóru um helstu þætti í rekstrarumhverfi þeirra.

Skráning fer fram á [vefsíðu Ví](#), í síma 510-7100 eða með því að senda póst á birna@vi.is.

Stýrivextir lækkaðir um 1%

Peningastefnunefnd lækkaði stýrivexti Seðlabankans um 1% í gær og standa þeir nú í 12%. Í yfirlýsingu kemur fram að nefndin vænti áframhaldandi slökunar peningalegs aðhalds að því tilskildu að gengisþróun verði hagfelld og að áætlunum um aðhald í ríkisfjármálum miði áfram. Því miður hefur

gengisþróun ekki verið mjög hagfelld undanfarið og er gengi krónunnar ennþá nokkuð lágt. Að sama skapa hefur ný ríkisstjórn ekki enn lagt fram trúverðugar aðgerðir í ríkisfjármálum og ljóst er að það er farið að tefja vaxtalækkunarferlið, en á síðasta vaxtaákvörðunardegi nefndarinnar var ýjað að því að von væri á rausnarlegri lækkun í byrjun júní – talsvert rausnarlegri en raun varð.

Engu að síður er það álit Viðskiptaráðs að lækkunin í gær sé allt of lítil og veldur það verulegum vonbrigðum. Í ljósi þess hversu augljós þörf er á frekari lækkun vaxta fyrir atvinnulíf og heimili almennt, sýnir þetta skref líklega fyrst og fremst óánægju Alþjóðagjaldeyrissjóðsins með framvindu í mikilvægum málum sem þeir telja forsendu frekari vaxtalækkana, þ.e. áætlun um fjármál hins opinbera og endurreisn bankakerfisins. Hér er því um áfellsdóm yfir aðgerðaleyfi nýrrar ríkisstjórnar að ræða. Flestir átta sig á því að samband vaxta og gengis hefur rofnað, eða jafnvel snúist við, og því virðist afstaða Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til vaxtamála hér notuð til að pressa á stjórnvöld um framgang þessara mála, sem hafa dregist allt of lengi. Spjótin beinast því að stjórnvöldum að gera grein fyrir áætlunum og hefja framkvæmd þeirra.

Tímabundin niðurfelling álags

Í nýrri tilkynningu fjármálaráðuneytisins kemur fram að taldar séu gildar ástæður til að beita heimild í lögum um að fella niður tímabundið álag vegna skila á virðisaukaskatti fyrir uppgjörstímabilin mars-apríl og maí-júní. Hefur ráðuneytið beint þeim tilmælum til skattstjóra að fellt verði tímabundið niður álag vegna skila á virðisaukaskatti sem er á gjalddaga í dag, 5. júní, og að sú niðurfelling gildi í fimm daga eða fram til 10. júní næstkomandi. Ennfremur hefur ráðuneytið veitt heimild til niðurfellingar á skilum virðisaukaskatts sem er á gjalddaga 5. ágúst nk. og gildir sú niðurfelling í tvo daga eða fram til 7. ágúst. Þetta er í þriðja sinn á árinu sem ráðuneytið beitir þessari heimild.

Viðskiptaráð fagnar þessari aðgerð enda hefur ráðið margsinnis talað fyrir mikilvægi þess að hið opinbera sýni sveigjanleika við innheimtu opinberra gjalda við þær erfiðu aðstæður sem nú ríkja í efnahagslífinu. Þá telur ráðið mikilvægt að yfirvöld sýni áframhaldandi sveigjanleika við innheimtu opinberra gjalda, líkt og gert hefur verið undanfarið með innheimtu virðisaukaskatts og vörugjalda. Með því er fyrirtækjum veittur mikilvægur stuðningur í núverandi árferði sem eykur líkurnar á því að þau komist heilu og höldnu í gegnum þær efnahagshremmingar sem nú ríða yfir þjóðina.

Bjartsýni í vikulok

Í ljósi mikils vægis neikvæðra fréttu undanfarnar vikur og mánuði er ekki úr vegi að minna á það sem vel gengur. Viðskiptaráð mun því endrum og eins draga saman það helsta sem telst til jákvæðra fréttu, stórra sem smárra, innlendra sem erlendra. Rétt er að taka fram að hér er eingöngu um að ræða

samantekt sem hefur þann tilgang að minna á að þrátt fyrir erfitt efnahagsástand hérlendis og erlendis er margt á réttri leið og því má ekki gleyma. Það er von Viðskiptaráðs að áður en um of langt líður horfi til betri vegar og samantekt af þessu tagi verði óþörf.

- **Lausn í Icesave-deilunni virðist í sjónmáli** en í vikunni bárust fréttir af því að samningaviðræðum milli sérstakrar samninganefndar og Bretlands og Hollands miðar ásættanlega.
- **Viðskiptaráðherra sagði í vikunni að verið væri að leggja lokahönd á skiptingu eigna milli gömlu og nýju bankanna.** Þetta er jákvætt enda er óvissa um endanlega efnahagsreikninga nýju bankanna eitt af því stendur í vegi fyrir endurreisn fjármálakerfisins.
- **Sala nýrra bíla jókst á milli mánaða í Bandaríkjunum** í fyrsta sinn á þessu ári. Bendir þetta til þess að bandarískir neytendur séu að taka við sér.
- **Viðræður eru hafnar um skráningu fyrirtækja í Kauphöll Íslands** að sögn forstjóra Kauphallarinnar. Allt að fimmtán ný fyrirtæki gætu verið komin í lok næst árs. Þetta eru jákvæð tíðindi og mikilvægur liður í því að endurreisa íslenskan hlutabréfamarkað sem er illa laskaður eftir fall bankanna í október á síðasta ári.
- **Smásala á evrusvæðinu jókst á milli mánaða í apríl** í fyrsta sinn síðan í september á síðasta ári. Bendir þetta til þess að evrópskir neytendur séu neysluglaðari nú en áður.
- **Vöruskiptin í maí voru hagstæð um 7,3 milljarða** króna samkvæmt bráðabirgðaútreikningum Hagstofunnar. Á sama tíma í fyrra voru þau neikvæð um ríflega 2,5 milljarð. Frá áramótum eru vöruskiptin jákvæð um ríflega 24 milljarða króna.
- **Fjármálaráðuneytið hefur beitt heimild til tímabundinnar niðurfellingar virðisaukaskatts** sem er á gjalddaga í dag. Ennfremur hefur verið veitt heimild til tímabundinnar niðurfellingar VSK sem er á gjalddaga 5. ágúst nk.
- **Minni halli var á viðskiptajöfnuði á fyrsta ársfjórðungi** ársins en síðustu fjórðungum þar á undan. Hallinn á fyrsta ársfjórðungi nemur tæpum 50 milljörðum samanborið við ríflega 300 milljarða halla á fjórða ársfjórðungi 2008.
- **Hlutabréfaverð vísvegar um heiminn hækkaði áfram í vikunni** en vísitölur helstu kauphalla hækkuðu flestar í vikunni, líkt og síðustu vikur.
- **Gistinóttum á íslenskum hótélum fjölgaði** lítið eitt í apríl miðað við sama mánuð í fyrra samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni. Ennfremur stefnir í gott sumar í ferðapjónustu en (ó)hagstætt gengi krónu ræður án efa miklu þar um.

Góða helgi.